

## Breytingartillaga

við frumvarp til upplýsingalaga.

Frá meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar (VBj, ÁI, RM, MN, LGeir, MT).

1. Á eftir fyrri málslið 3. mgr. 2. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Forsætisráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu skv. 3. mgr., og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti.
2. Á eftir 1. másl. 1. mgr. 5. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Sama gildir þegar óskað er aðgangs að tilteknum fyrirliggjandi gögnum.
3. Við 7. gr.
  - a. Orðið „föst“ í 2. tölul. 4. mgr. falli brott.
  - b. Í stað orðsins „tvö“ í 3. mgr. komi: fjögur.
4. 1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Vinnugögn teljast þau gögn sem stjórnvöld eða lögaðilar skv. 2. og 3. gr. hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls. Til vinnugagna teljast þau gögn sem ekki hafa verið afhent öðrum eða einvörðungu hafa verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu.
5. Í stað orðsins „fimmtán“ í 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. komi: átta.
6. Við 13. gr.
  - a. Orðin „leitast við að“ í 1. og 2. mgr. falli brott.
  - b. Í stað orðanna „samtek blaðamanna“ í 3. mgr. komi: Blaðamannafélag Íslands.
7. Við 18. gr.
  - a. Í stað orðanna „þær“ og „aðgengilegar“ í 1. mgr. komi: þau; og: aðgengileg.
  - b. Orðin „þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launa-kostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun gagna“ í 3. mgr. falli brott.
8. Í stað orðanna „IX. viðauka“ í 1. mgr. 28. gr. komi: XI. viðauka.
9. Við 35. gr.
  - a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Þó skulu ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku laganna.
  - b. Í stað orðsins „þeirra“ í 2. másl. 1. mgr. komi: laganna.
10. Við 36. gr.
  - a. Orðin „þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launa-kostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga“ í 3. efnismgr. 1. tölul. falli brott.
  - b. Við 1. efnismgr. a-liðar 2. tölul. bætist nýr málsliður er orðist svo: Skilaskyldan nær ekki til þeirra lögaðila sem undanþegnir eru gildissviði upplýsingalaga, sbr. 3. mgr. 2. gr. þeirra laga.
  - c. Í stað orðanna „skv. 5. gr.“ í 2. efnismgr. b-liðar 2. tölul. komi: skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 5. gr. og 14. gr.

- d. F-liður 2. tölul. falli brott.
- e. Efnisliður 3. tölul. orðist svo: 2. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.